


Í FRÉTTUM ER

ÞETTA JANÚAR HELST



NÝSKÖPUN OG NÝ TENGL

KLAK – Icelandic Startups, Íslandsstofa, Tækniþróunarsjóður og Vísindagarðar HÍ héldu opinn kynningarfund á Sauðárkróki í samstarfi við SSNV.



ÚTHLUTUNAR HÁTÍÐ UPPBYGGINGAR SJÓÐS

Úthlutunarhátíð Uppbyggingasjóðs Norðurlands vestra var haldin 12. janúar sl. á Sjóvarborg á Hvammstanga. Þar voru veittir styrkir í þremur flokkum við hátíðlega athöfn.



KYNNINGARFUNDUR UM LÍNULEIÐ LANDSNETS

Framkvæmdastjóri sótti kynningarfund á Laugarbakka þar sem línuleið Landsnets var kynnt.



C1 STYRKIR

Umsóknarfrestur fyrir svokallaða C1 styrki rann út 22. janúar sl. C1 styrkir eru styrkir sem veittir eru í sértæk verkefni sóknaráætlana. Sérstök áhersla er lögð á svæði sem búa við langvarandi fólksfækkun, atvinnuleysi og einhæft atvinnulíf. Þrjár umsóknir voru sendar inn af hálfu landshlutasamtakanna.



SÓKNARÁÆTLUN
NORÐURLANDS VESTRA



FORVITNIR FRUMKVÖÐLAR

Forvitnir frumkvöðlar eru sameiginleg mánaðarleg fræðsluerindi landshlutasamtakanna SSNE, Austurbrúar, SASS, SSNV, SSS, SSV og Vestfjarðarstofu.



VEL HEPPNUÐ MANNAMÓT

Vel var mætt á Mannamót í ár þar sem fulltrúar Norðurlands vestra voru áberandi og kynntu fjölbreytta og öfluga ferðaþjónustu á svæðinu.

SAMTALIÐ ER HAFIÐ – FARSÆLDARRÁÐIN ERU LYKILLINN

Verkefnastjórar farsældarráða landshlutanna rituðu saman grein sem birtist á Vísi. Farsæld barna er ekki verkefni eins kerfis eða eins hóps, hún er samfélagslegt verkefni okkar allra.



STARTUP LANDIÐ

Fyrsti fundur ársins hjá samstarfsverkefninu Startup Landið fór fram í janúar. Startup Landið er nýsköpunarhraðall landsbyggðarinnar sem tengir saman náttúru, nýtingu og nýsköpun.

KYNNING Á NORA OG VERKEFNA- STYRKJUM - SÚPUFUNDUR



SSNV bauð á kynningarfund um starfsemi NORA og verkefnastyrki til samstarfsverkefna. Fundurinn var haldinn þriðjudaginn 27. janúar. Ráðgjafi NORA, Jákup Sørensen var á staðnum.

2026

FYRIR NORÐURLAND VESTRA